



Afkoma annars ársfjórðungs 2025

Íslandsbanki hf.

HELSTU ATRIÐI Í AFKOMU ÍSLANDSBANKA

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu annars ársfjórðungs 2025 (2F25)

- Hagnaður af rekstri nam 7,2 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2025 (2F24: 5,3 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár var 13,0% á ársgrundvelli (2F24: 9,7%).
- Hreinar vaxtatekjur námu 13,9 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2025 og hækkuðu um 1.390 milljónir króna á 2F25 samanborið við 2F24.
- Vaxtamunur var 3,3% á öðrum ársfjórðungi 2025, samanborið við 3,1% á öðrum ársfjórðungi 2024.
- Hreinar þóknunatekjur jukust um 12,8% á öðrum ársfjórðungi samanborið við annan ársfjórðung 2024 og námu samtals 3,6 milljörðum króna á 2F25.
- Hreinar fjármunatekjur voru 13 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2025, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 499 milljónir króna á 2F24.
- Aðrar rekstrartekjur námu 143 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi 2025, samanborið við 45 milljónir króna á 2F24.
- Stjórnunarkostnaður nam 7,3 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2025, en stjórnunarkostnaður nam 7,0 milljörðum króna á öðrum ársfjórðungi 2024, þegar frá er talin gjaldfærsla að fjárhæð 470 milljónir króna vegna stjórnvaldssektar sem gjaldfærð var á 2F24.
- Kostnaðarhlutfall bankans var 41,0% á öðrum ársfjórðungi 2025. Kostnaðarhlutfallið var 45,7% á 2F24 og undanskilur gjaldfærslu vegna stjórnvaldssektar að fjárhæð 470 milljónir króna sem gjaldfærð var á 2F24.
- Virðisbreyting fjáreigna var jákvæð um 402 milljónir króna á öðrum ársfjórðungi 2025 samanborið við jákvæða virðisbreytingu sem nam 137 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi 2024. Áhættukostnaður útlána (e. cost of risk) var -12 punktar á ársgrundvelli á öðrum ársfjórðungi 2025 samanborið við -4 punkta á öðrum ársfjórðungi 2024.
- Útlán til viðskiptavina jukust um 32,4 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi 2025 frá fyrsta ársfjórðungi 2025 og voru 1.331 milljarður króna í lok annars ársfjórðungs 2025.
- Innlán frá viðskiptavinum jukust um 3,1% milli loka fyrsta og annars ársfjórðungs 2025 og námu 966 milljörðum króna í lok 2F25.
- Eigið fé nam 224,7 milljörðum króna í lok annars ársfjórðungs 2025, samanborið við 227,4 milljarða króna í lok árs 2024.
- Eiginfjárhlutfall var 21,5% í lok annars ársfjórðungs 2025, samanborið við 23,2% í lok árs 2024. Samsvarandi eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 (CET1) var 18,5%, samanborið við 20,1% í árslok 2024. Eiginfjárhlutfall almenns þáttar 1 var 330 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila í lok annars ársfjórðungs 2025, og hærra en fjárhagslegt markmið bankans sem er að vera með 100–300 punkta eiginfjár svigrúm umfram kröfur eftirlitsaðila.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er 19,6% af áhættugrunni, til viðbótar við samanlagða kröfu um eiginfjárauka. Í lok annars ársfjórðungs 2025 var MREL bankans 36,7%, 720 punktum yfir kröfum eftirlitsaðila.

Helstu atriði í fjárhagslegri afkomu á fyrri helmingi ársins 2025 (1H25)

- Hagnaður af rekstri bankans á fyrri helmingi ársins 2025 nam 12,4 milljörðum króna (1H24: 10,7 milljarðar króna). Arðsemi eigin fjár á 1H25 var 11,1% á ársgrundvelli (1H24: 9,8%). Bankinn leiðbeinir í þá átt að arðsemi verði á bilinu 10–11% fyrir árið 2025 í heild, að því gefnu að virðisrýrnun sé í takti við það sem búast má við í gegnum hagsveifluna.
- Hreinar vaxtatekjur á fyrri helmingi ársins námu 26,8 milljörðum króna, sem er aukning um 9% milli ára.
- Hreinar þóknunatekjur námu 6,7 milljörðum króna á fyrri helmingi ársins 2025 og jukust um 7,5% samanborið við fyrri helming ársins 2024 þegar þær námu 6,2 milljörðum króna.
- Hrein fjármagnsgjöld voru 973 milljónir króna á fyrri helmingi ársins 2025, samanborið við fjármagnsgjöld að fjárhæð 735 milljón króna á sama helmingi í fyrra.



- Stjórnunarkostnaður var 14,7 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins 2025, en var 14,2 milljarðar króna á fyrri helmingi ársins 2024, þegar frá er talin 470 milljón króna stjórnvaldssekt sem gjaldfærð var á öðrum ársfjórðungi 2024.
- Kostnaðarhlutfall bankans lækkaði úr 44,8% á fyrri helmingi ársins 2024 í 44,1% á fyrri helmingi ársins 2025. Kostnaðarhlutfall á 1H24 undanskilur gjaldfærslu stjórnvaldssektar að fjárhæð 470 milljónir króna sem gjaldfærð var á 2F24.
- Virðisbreyting á fjáreignum var jákvæð um sem nam 399 milljónum króna á fyrri helmingi ársins 2025 samanborið við virðisrýrnun um 567 milljónir króna fyrir sama tímabil árið áður.

Lykiltölur

		2F25	1F25	4F24	3F24	2F24
REKSTUR	Hagnaður tímabils, m.kr.	7.192	5.209	6.283	7.280	5.266
	Arðsemi eigin fjár	13,0%	9,4%	11,2%	13,2%	9,7%
	Vaxtamunur (af heildareignum)	3,3%	3,2%	2,7%	2,9%	3,1%
	Kostnaðarhlutfall ^{1,2}	41,0%	47,6%	45,7%	40,4%	45,7%
	Áhættukostnaður útlána ³	(0,12%)	0,00%	(0,11%)	(0,27%)	(0,04%)
		30.6.25	31.3.25	31.12.24	30.9.24	30.6.24
EFNAHAGUR	Útlán til viðskiptavina, m.kr.	1.331.288	1.298.849	1.295.388	1.274.094	1.276.608
	Eignir samtals, m.kr.	1.696.034	1.667.429	1.607.807	1.622.458	1.595.896
	Áhættuvegnað eignir, m.kr.	1.084.492	1.061.903	1.040.972	1.021.243	1.019.494
	Innlán frá viðskiptavinum, m.kr.	966.075	936.779	926.846	927.011	916.127
	Útlán til viðskiptavina / innlán frá viðskiptavinum	138%	139%	140%	137%	139%
	Hlutfall lána með laskað lánshæfi ⁴	1,6%	1,8%	1,6%	1,6%	1,8%
LAUSAFÉ	Fjármögnunarhlutfall (NSFR), allir gjaldmiðlar	125%	128%	125%	126%	123%
	Lausafjárþekjuhlfall (LCR), allir gjaldmiðlar	185%	202%	168%	223%	190%
EIGIÐ FÉ	Eigið fé samtals, m.kr.	224.725	217.894	227.355	223.388	216.501
	Eiginfjárlutfall almenns þáttar ⁵	18,5%	18,6%	20,1%	20,2%	19,9%
	Eiginfjárlutfall þáttar ⁵	19,4%	19,5%	21,0%	21,2%	20,9%
	Eiginfjárlutfall ⁵	21,5%	21,6%	23,2%	23,4%	23,1%
	Vogunarlutfall	12,0%	12,1%	13,2%	13,0%	13,0%
	MREL hlutfall ⁶	36,7%	37,8%	33,4%	35,6%	35,6%

1. Reiknað sem: (stjórnunarkostnaður – einskiptiskostnaður) / (heildarrekratektur – einskiptistektur).

2. Kostnaðarhlutfall undanskilur stjórnvaldssekt að fjárhæð 470 m.kr. á 2F24.

3. Neikvæður áhættukostnaður merkir að það hafi verið nettó tekjufærsla úr virðisrýrnunarsjóði.

4. Stig 3, útlán til viðskiptavina, vergt bókfært virði.

5. Á fyrsta ársfjórðungi 2025 veitti Seðlabanki Íslands bankanum leyfi til endurkaupa á eigin hlutum og lækka hlutafé bankans, því eru eiginfjárlutföll 31. mars 2025 og 30. júní 2025 lægri heldur en í lok árs 2024.

6. MREL hlutfallið er birt að meðöldu almennu eiginfé þáttar 1 sem er haldið til að mæta samanlagðri kröfu um eiginfjáráuka.

Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri Íslandsbanka

Óhætt er að segja að annar ársfjórðungur ársins 2025 hafi verið viðburðaríkur í rekstri Íslandsbanka. Sala ríkisins á eftirstandandi eignarhlut þess í bankanum í maímánuði gekk vel. Hún markaði tímamót í rekstri Íslandsbanka og það eru spennandi tækifæri sem gefast við slík tímamót. Þá var sérstaklega ánægjulegt að sjá mikla þátttöku almennings í útboðinu en virk þátttaka einstaklinga á hlutabréfa-markaði er stórt skref í því að auka virkni og dýpt markaðarins hér heima og fögnum við auknum umsvifum einstaklinga á verðbréfamarkaði.

Afkoma Íslandsbanka á öðrum ársfjórðungi 2025 var góð og nam 7,2 milljörðum króna, sem er um 18% yfir spám greinenda. Hagnaður á fyrri helmingi ársins 2025 nam 12,4 milljörðum króna. Góður gangur er í grunnrekstri bankans og jukust vaxtatekjur um rúmlega 11% á öðrum ársfjórðungi 2025 samanborið við sama ársfjórðung í fyrra og þóknatekjur um tæp 13%. Vaxtamunur var 3,3% á fjórðungnum. Arðsemi eigin fjár á öðrum ársfjórðungi var 13,0% á ársgrundvelli og kostnaðarhlutfallið var 41,0%. Sömu hlutföll fyrir fyrri hluta árs 2025 voru 11,1% og 44,1%, sem er í samræmi við fjárhagsleg markmið bankans.

Góður og mikill gangur hefur verið í þjónustu bankans við fyrirtæki um allt land og við erum stolt af góðu sambandi okkar við fyrirtækin og þátttöku Íslandsbanka í margvíslegum verkefnum þeirra. Fyrirtækjaráðgjöf bankans hefur nýverið lokið mikilvægum verkefnum og verkefnastaðan er sterk inn í haustið. Viðskiptabankinn heldur uppteknum hætti og mælist nú með hæsta meðmælendaskor, NPS,

hér á landi meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja og afar sterka markaðshlutdeild á sama markaði. Þá fer samstarf Íslandsbanka og VÍS vel af stað og viðskiptavinir beggja félaga njóta aukinna fríðinda vegna samstarfsins.

Fram undan eru spennandi tímar og staða Íslandsbanka er afar sterk. Umfram eigið fé (CET1) bankans nam um 40 milljörðum króna í lok fjórðungsins og horfir bankinn enn til vaxtartækifæra, jafnt innri og ytri. Bankinn hóf endurkaup á eigin bréfum að nýju í byrjun júlí eftir að hafa gert hlé í lok fyrsta ársfjórðungs 2025 og ýtti þar með úr vör endurkaupum fyrir allt að 15 milljarða króna að markaðsvirði.

Reykjavíkummarabon Íslandsbanka fer fram 23. ágúst næstkomandi og fylgir mikil tilhlökkun viðburðinum í ár líkt og fyrri ár. Áheitasöfnun þátttakenda gengur vel og verður gaman að sjá miðborg Reykjavíkur fyllast af hlaupurum á öllum aldri uppskera eftir undirbúning liðinna vikna og mánaða.

Helstu atriði úr rekstri á öðrum ársfjórðungi 2025 (2F25)

- Fjármála- og efnahagsráðuneytið, fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, tilkynnti þann 13. maí 2025 um upphaf markaðssetts útboðs á almennum hlutum ríkissjóðs í Íslandsbanka og svaraði grunnmagn útboðsins til um 20% af heildarhlutafé bankans. Útboðinu var vel tekið og leiddi þátttaka á endanum til þess að allur eftirstandandi hlutur ríkisins í bankanum var seldur. Einstaklingar tóku langstærstan hluta útboðsins og hlutu meira en 31 þúsund einstaklingar úthlutun við sölu. Tilkynning um lok útboðsins var birt 27 maí 2025.
- Þann 21. maí 2025 tilkynnti Seðlabanki Íslands að stýrivextir yrðu lækkaðir um 0,25 prósentustig, niður í 7,50%. Íslandsbanki gerði breytingar á vöxtum á öðrum ársfjórðungi, í kjölfar stýrivaxtaákvörðunar Seðlabankans. Breytingarnar fólu meðal annars í sér að óverðtryggð innlán og útlán, þar með talin húsnæðislán, lækkuðu almennt um 0,25 prósentustig.
- Íslandsbanki tilkynnti þann 28. maí 2025 að stjórn bankans hefði sett sig í samband við stjórn Kviku banka hf. (Kvika) og óskað eftir því að hafnar yrðu samrunaviðræður milli félaganna tveggja. Tilkynningin var birt degi eftir að Arion banki hf. tilkynnti um áhuga á samrunaviðræðum við Kviku. Þann 13. júní tilkynnti Kvika að ekki væru forsendur fyrir því að hefja samrunaviðræður byggt á þeim erindum sem borist hefðu frá bönkunum tveimur. Þann 4. júlí tilkynnti Íslandsbanki að stjórn bankans hefði ítrekað áhuga á að hefja samrunaviðræður við Kviku með erindi til stjórnar Kviku. Stjórn Kviku hafnaði þeirri tillögu bankans þann 6. júlí, líkt og tilkynnt var á markaði þann sama dag.
- Alþjóðlega lánshæfismatsfyrirtækið Moody's Ratings staðfesti A3 langtíma einkunn bankans með stöðugum horfum þann 10. júní 2025. Ákvörðunin kom eftir tilkynningu bankans um áhuga sinn á að hefja samrunaviðræður við Kviku.
- Þann 30. júní tilkynnti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands um niðurstöðu árlegs mats á áhættuþáttum í starfsemi kerfislega mikilvægra fjármálaafyrirtækja í könnunar og matsferli (e. Supervisory Review and Evaluation Process, SREP). Samkvæmt niðurstöðu þessa árlega ferlis skal bankinn frá og með 30. júní 2025 viðhalda viðbótareiginfjárkröfu sem nemur 1,4% af áhættugrunni, sem er lækkun um 0,4 prósentustig frá fyrra mati. Heildareiginfjárfkrafa bankans, að teknu tilliti til eiginfjárla 31. desember 2024, lækkar við það úr 19,7% í 19,3%.
- Hluthafafundur Íslandsbanka var haldinn 30. júní síðastliðinn. Á fundinum voru samþykktar breytingar á starfskjarastefnu bankans, sem heimila stjórn bankans að setja á fót sérstakt kaupaukakerfi fyrir starfsfólk annars vegar og að innleiða kaupréttaráætlun hins vegar. Markmiðið með breytingunum er að tvinna betur saman hagsmuni starfsfólks og hluthafa til lengri tíma á sama tíma og gætt er að því að ekki sé hvatt til óhóflegrar áhættutöku og einnig að draga úr þrýstingi á hækkun fastra launa.
- Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka lauk margvíslegum verkefnum með viðskiptavinum sínum á ársfjórðungnum og hefur tryggt áfram góða verkefnastöðu næstu mánuði. Meðal áfanga var samkomulag við Íslandsbanka um að bankinn veiti sölutryggingu um áskrift að nýju hlutafé í Orkunni að verðmæti að minnsta kosti 2 milljarðar króna í tengslum við kaup á Samkaupum. Þá reyndist mikil breidd í vöruframboði hjá Fyrirtækjum og fjárfestum vel þegar bankinn leiddi fjármögnun á nýrri landeldisstöð Samherja en teymi frá bæði fyrirtækjaráðgjöf og fyrirtækjasviði komu að því verkefni við útgáfu nýs hlutafjár og veitingu sambankaláns.
- Greininga- og matsfyrirtækið Reitun hækkaði á öðrum ársfjórðungi sjálfbærnimat sitt á Íslandsbanka og fær bankinn nú einkunnina A3 fyrir frammistöðu sína á sviði sjálfbærni. Í matinu er

horft til þriggja meginþátta, sem eru umhverfis-, félags- og stjórnarhættir. Hækkun á einkunn Íslandsbanka má rekja til vandaðrar úrbótavinnu á sviði félags- og stjórnarháttanna milli ára.

Atriði úr rekstri eftir að ársfjórðungi lauk

- Í lok annars ársfjórðungs 2024 átti bankinn 6.920.000 eigin hluti. Endurkaupum á eigin bréfum bankans var framhaldið 8. júlí 2025 þegar ýtt var úr vör endurkaupum á grundvelli heimildar til að kaupa eigin bréf fyrir allt að 15 milljarða króna að markaðsvirði. Í lok dags 30. júlí 2025 átti bankinn rúmlega 26,5 milljónir eigin hluti. Bankinn heldur áfram vegferð sinni í átt að bestun á samsetningu efnahagsreiknings síns, háð aðstæðum á mörkuðum, og hefur greint frá því að hann kunni að líta til vaxtartækifæra og/eða útgreiðslu til hluthafa til að ná markmiðum.

Afkomuefni

Ítarlegri upplýsingar um rekstur og afkomu Íslandsbanka má finna í enskri útgáfu fréttatilkynningarinnar. Íslenska útgáfan veitir aðeins yfirlit yfir helstu þætti uppgjör síns, fjárfestafund og fjárhagsdagatal). Sé misræmi á milli tilkynninga á íslensku annars vegar og ensku hins vegar, gildir enska útgáfan.

Fyrirvari

Fréttatilkynning þessi gæti vísað til spár um framtíðarhorfur sem er háð áhættu- og óvissupáttum og getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari fréttatilkynningu. Íslandsbanki hf. hefur ekki skyldu til að, og mun ekki, uppfæra þessar spár um framtíðarhorfur félagsins til að endurspegla atburði og aðstæður sem eiga sér stað eftir útgáfu þessarar fréttatilkynningar. Það er á ábyrgð fjárfestis að reiða sig ekki á spár um framtíðarhorfur sem eru settar fram í þessari fréttatilkynningu þar sem þær eiga eingöngu við á þeim tíma sem hún er gefin út. Spár um framtíðarhorfur gefa ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur og eru allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins fullgildar í heild sinni með tilliti til þessa fyrirvara.

FJÁRFESTATENGSL

Vefstreymi föstudaginn 1. ágúst 2025

Íslandsbanki mun halda afkomufund í vefstreymi föstudaginn 1. ágúst 2025 kl. 8.30 fyrir fjárfesta og markaðsaðila. Jón Guðni Ómarsson, bankastjóri og Ellert Hlöðversson, fjármálastjóri munu kynna afkomu og helstu atriði í rekstri bankans á öðrum ársfjórðungi 2025. Fundurinn fer fram á ensku.

Fundurinn verður aðgengilegur í gegnum hlekk á vefsvæði [fjárfestatengsla](#) á vef bankans. Upptaka verður aðgengileg á sama stað að honum loknum. Þátttaka, og möguleikinn á að senda inn skriflegar spurningar, fer fram á [þessari síðu](#). Markaðsaðilar geta einnig hringt inn á fundinn og lagt fram spurningar munnlega með því að skrá sig á [þessari síðu](#). Að skráningu lokinni verður símanúmer og auðkenni fyrir fundinn afhent. Allar upplýsingar um fundinn má finna [hér](#).

Nánari upplýsingar veita fjárfestatengsl Íslandsbanka: ir@islandsbanki.is.

Fjárhagsdagatal

Stefnt er birtingu árshluta- og ársuppgjör á eftirfarandi dagsetningum:

Árshlutauppgjör þriðja ársfjórðungs 2025 – 30. október 2025

Árshlutauppgjör fjórða ársfjórðungs 2025/ársuppgjör 2025 – 12. febrúar 2026

Frekari upplýsingar um fjárhagsdagatal Íslandsbanka eru aðgengilegar á [vef bankans](#). Dagsetningar eru birtar með fyrirvara um breytingar.

Fjárfestaefni

Allt fjárfestaefni verður birt á [vefsvæði fjárfestatengsla](#) þar sem upplýsingar um fjárhagsdagatal og þögnul tímabil eru einnig aðgengilegar.